

Alþingi - Umhverfisstofnun  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 3. ágúst 2010  
Tilvísun: UST20100600102/hg

### Umsögn um frumvarp til laga um stjórn vatnalaga

Umhverfisstofnun hefur borist t-póstur frá nefndarsviði Alþingis, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um stjórn vatnamála, dags. 16. júní s.l. Beðist er velvirðingar á því hve seint umsögn þessi berst, en umsagnafrestur var til 19. júlí s.l.

Umhverfisstofnun átti fulltrúa í nefnd, sem þáverandi umhverfisráðherra Kolbrún Halldórsdóttir skipaði í febrúar 2009, og falið var að vinna frumvarp til innleiðingar á vatnatilskipun ESB. Fulltrúi Umhverfisstofnunar var virkur í nefndinni og hafði tækifæri til að koma með áherslur og tillögur stofnunarinnar við frumvarpið. Hér er um að ræða lagasetningu um ramma utan um fjölmörg ákvæði sem þegar er að finna í íslenskri löggjöf. Með frumvarpinu er meðal annars ætlað að tryggja samræmi í flokkun vatna og vöktun þeirra í þeim tilgangi að tryggja gæði vatns, hindra frekari rýrnun þess og stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns. Fjölmargar stofnanir munu taka þátt í innleiðingu þessarar löggjafar, og mun það enn fremur tryggja heildstætt skipulag og samþættingu í stjórn vatnamála. Það er mat Umhverfisstofnunar að heildstæð lagasetning eins og hér er um að ræða muni verða málaflokknum til góðs til lengri tíma litið.

Virðingarfyllst

  
Gunnlaug Einarsson

  
Heiðrún Guðmundsdóttir